

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166

150 Reykjavík

Gert í Garðabæ í nóv. 2008.

Athugasemdir

Vegna skýrslu um:

Mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Hvalfirði.

Björgun gefur sér niðurstöðuna úr þessu umhverfismati. Áhrif efnistökkunnar eru óveruleg segir í skýrslu Björgunar. Ýmis atriði skýrslunnar benda til annars. Trúverðugleika ýmissa upplýsinga frá Björgun dreg ég í efa. Þar er um að ræða grundvallaratriði eins og stærð og staðsetningu náma. Þar með vefengi ég fullyrðingar um að sýnatökustaðir utan náma séu á óhreifðum botni. Ástæða þessa er að ég hef ítrekað séð skipin á siglingu langt utan námu með rörið niðri og gruggfleck í kjölfarinu.

Í leyfi Björgunar frá Iðnaðarráðuneytinu dags. 28. ágúst 1990 segir í 4 tölulið að leyfið sé “háð því að Björgun hf geri nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun og spillingu lífríkis láðs og lagar vegna efnistökkunnar”

Hvaða ráðstafanir voru gerðar af þessu tilefni?

Með hvaða hætti var fylgst með lífríkinu?

Undirritaður óskar eftir að fá í hendur öll þau gögn sem til eru þessu varðandi frá leyfisveitanda og einnig framkvæmdaaðila.

Í bréfi Iðnaðarráðuneytisins dags. 5. sept. 2008 þar sem Björgun er veitt umdeild heimild til áframhaldandi efnistöku kemur fram að stöðvun efnistöku Björgunar hefði áhrif á afkomu fjölda fyrirtækja. Þar segir ”Steypustöðin BM Vallá, sem hefur 60% markaðshlutdeild, kaupir meginhluta fyllingarefna af Björgun ehf” Þarna er væntanlega átt við efni til steypugerðar. Af þessu tilefni vakna nokkrar spurningar.

Útvegar Björgun eða aðrir efni til steypugerðar sem unnið er úr námum á landi?

Ef svo er, er um að ræða vottað efni til steypugerðar?

Er það efni sem Björgun vinnur úr sjó og selur steypustöðvunum vottað til steypugerðar ?

Skv. dagsetningum vinnsluleyfa Björgunar kemur eftirfarandi fram: Heimild til vinnslu rann út 6. júní 2005, nýtt leyfi veitt 13. febrúar 2006 sem gildi til 6. júní 2006, yfirvöld framlengdu það leyfi 13 nóvember 2006, þar er vísað til erindis Björgunar ehf, dags. 9. nóvember 2006. Heimild yfirvalda til efnistöku hefur ekki verið fyrir hendi frá 6. jún. 2005 til 13. feb. 2006 og aftur frá 6. jún. 2006 til 13. nóv. 2006.

Hvaðan öfluðu steypustöðvarnar og malbikunarstöðvarnar efnis til sinnar vinnslu ofangreind tímabil?

Í skýrslu Hafró um lífríki botns nytjastofna og hrygningu segir að rannsóknir hafi sýnt að áhrif af efnistöku á lífríki á malarbotni eru mun skaðlegri en á sandbotni einnig að áhrif efnistöku á síli og botngerð hafa ekki verið rannsökuð hér. Á síðu 10 segir “Ljóst er að sandfjörur og sandbotnar á grunnnum sjó við strendur landsins gegna lykilhlutverki í vexti og viðgangi flatfiska hér við land. Því er mikilvægt að ganga úr skugga um að efnistaka rýri ekki nálægar sandfjörur áður en farið er í slíkar framkvæmdir.” Þá má ljóst vera að röskun á

sjávarbotni hefur veruleg áhrif á vöxt og viðgang botndýra. Aðan festir sig við malarbotn og hver við aðra og myndar þannig þétt beð sem eru búsvæði fyrir margar aðrar lífverur. Aðan er langlíf tegund en er viðkvæm fyrir raski. Dæling efnis af sjávarbotni skilur eftir fíngert efni á botninum og raskar lífríki botnsins stórlega. Eftir 45 ára efnistöku af botni Hvalfjarðar er eðlilegt að lífríki botnsins sé fábreytt.

Í skýrslu Siglingastofnunar á bls 3 segir “hraði öldunnar er háður dýpinu sem hún ferðast yfir en hraðinn minnkar með minnkandi dýpi.” Á bls. 18 í sömu skýrslu eru skýringamyndir um dýpi við Laufagrunn fyrir og eftir framkvæmdir. Skv. þessum myndum er aukið dýpi upp í landsteina að afloknum framkvæmdum. Niðurstaða Siglingastofnunar er í þversögn við ofangreindar skýringar.

Höfundar skýrslunnar einskorða sína rannsókn við eina vindátt eingöngu, það geta ekki talist fullnægjandi vinnubrögð.

Ábendingar landeigenda og fleiri staðkunnugra um breytingar á fjörum eru að engu hafðar. Það er hvergi í skýrslu Siglingastofnunar reynt að varpa ljósi á þær breytingar sem orðið hafa á fjörum og aukið landbrot í námunda við efnistörustaðina. Meðfram fjörum í Melahverfi þekktist ekki landbrot fyrr en eftir að efnistaka hófst úr sjó. Í fjörunar vantar sandinn sem áður var, allt að meters lækkun á sandfjörum. Aðstæður voru ekki skoðaðar af skýrsluhöfundum, heldur var stuðst við “minnisblað” frá starfsmanni Mannvits, en þar vantar upplýsingar um fjörunar í Melahverfi. Það verður að teljast stórkostleg handvömm skýrsluhöfunda. Fyrir landi jarða í Melahverfi eru að líkindum stærstu efnisnámur á Faxaflóasvæðinu. Efnismagn unnið úr þessum námum (Kiðafells- og Laufagrunnsnáma) á árunum 2000 til 2007 er um 2,8 milljónir rúmmetra skv. uppl. Björgunar. Upplýsingar um efnismagn fyrir þann tíma vantar. Það er hægt að hafa eitt orð um þessa framkvæmd, “STÓRSLYS” slíkar eru afleiðingarnar. Draumur Björgunarmanna er að taka yfir 20 milljónir rúmmetra í næsta áfanga.

Með hvaða orðum verður hægt að lýsa afleiðingum þess þekki ég ekki.

SIGLINGASTOFNUN mun vera umsagnaraðili um umhverfismat efnistökkunnar í Hvalfirði! Hvað verður sagt á þeim bæ um þessa skýrslu?

Sandurinn sem hverfur úr fjörunum kemur þangað ekki aftur skv. orðum eins skýrsluhöfunda sem var á kynningarfundum um málið í Félagsgarði í Kjós. Því jafnvægi náttúrunnar sem verið hefur í Hvalfirði hefur verið raskað með uppdælingu efnis af sjávarbotni. Fyrir leikmann er þetta augljóst, sandurinn fer úr fjörunum niður á meira dýpi, ofan í holur dæluskipanna þaðan sem hann fer ekki nema þá um dælurör skipa Björgunar.

Laufagrunnsnáma er sögð 6,5 hektarar að stærð á að fara í 267 hektara. Að stærstum hluta er sú stækkun í átt að landi. Með öðrum orðum núverandi náma (6,5 ha) er í ytri mörkum “fram tíðarnámunna” (267ha). Ósk Björgunar er sett fram undir “glæsilegum” merkjum umhverfisstefnu fyrirtækisins, sem sjá má á heimasíðu þess.

Reynsla Breta af efnistöku úr sjó nær yfir eina öld og rúmlega það. Undirritaður óskaði eftir aðstoð Umhverfisstofnunar við öflun gagna um tilhögun og regluverk efnistöku af sjávarbotni nágrannaþjóða. Skv. svari Ust (sjá meðf. skjal) hafa menn þar á bæ ekki tíma til slíkra verka og vísa til þekkingar Siglingastofnunar. Skýrsla Siglingastofnunar vitnar ekki um þekkingu á þessu sviði. Það er krafa undirritaðs að þessara upplýsinga verði aflað og að þær verði hafðar til hliðsjónar við framhald málsins. Undirritaður áskilur sér rétt til að leggja fram frekari athugasemdir og gögn ef verða vill.

Einar Indriðason

Löngumýri 49

210 Garðabæ